ORKUSTOFNUN
Orkubúskapardeild

# RAFORKUSPÁ 1993-2020

**Endurreikningur á spá frá 1992 út frá nýjum gögnum og breyttum forsendum**

Orkuspárnefnd

OS-93054/OBD-01B OKTÓBER 1993

ORKUSTOFNUN
Grensásvegi 9, 108 Reykjavík

# RAFORKUSPÁ 1993-2020

**Endurreikningur á spá frá 1992 út frá nýjum gögnum og breyttum forsendum**

Orkuspárnefnd

OS-93054/OBD-01B OKTÓBER 1993

## EFNISYFIRLIT

EFNISYFIRLIT .................................... 3

TÖFLUSKRÁ .................................... 3

1 ÁGRIP OG HELSTU NIÐURSTÖÐUR .................................... 5

2 FORSENDUR .................................... 6

3 ÁÆTLUÐ RAFORKUNOTKUN .................................... 8

4 SAMANBURÐUR VIÐ SPÁ FRÁ 1992 .................................... 13

RITASKRÁ .................................... 17

VIÐAUKI 1, Raforkunotkun ársins 1992 greind niður á notkunarflokka og rafveitur .................................... 19

VIÐAUKI 2, Raforkunotkun ársins 1992 greind niður á notkunarflokka og landshluta .................................... 25

VIÐAUKI 3, Notkun skipt niður á sölustaði frá meginflutningskerfinu ...... 31

## TÖFLUSKRÁ

1 Spá um raforkunotkun. Almenn notkun að dreifitöpum meðtöldum og forgangsorka til núverandi stóriðja .................................... 9

2 Spá um raforkunotkun. Almenn notkun að dreifitöpum meðtöldum og forgangs- og ótryggð orka til núverandi stóriðja .................. 10

3 Spá um almenna raforkunotkun greind niður á flokka ............ 11

4 Spá um almenna raforkunotkun greind niður á landshluta (* Rauntölur). .................................... 12

5 Breytingar á áætlaðri raforkunotkun frá síðustu útgefnu spá ......... 14

6 Breyting á áætlaðri almennri raforkunotkun frá síðustu útgefnu spá greind niður á flokka .................................... 15

7 Breyting á áætlaðri almennri raforkunotkunar frá síðustu útgefnu spá greind niður á landshluta. .................................... 16

# 1 ÁGRIP OG HELSTU NIÐURSTÖÐUR

Raforkuvinnsla rafveitna á síðasta ári var alls 4.540 GWh og þar af var vinnsla Landsvirkjunar 4.197 GWh. Raforkunotkun síðasta árs, þegar ótryggðri orku stóriðjufyrirtækja er sleppt (449 GWh með töpum), var heldur meiri en miðað var við í raforkuspá Orkuspárnefndar frá 1992 eða 4.091 GWh í stað 4.047 GWh eins og spáð var og eru töp við flutning og dreifingu orkunnar meðtalin. Við hitastigsleiðréttingu lækkar notkunin um 20 GWh þannig að spáin hefur vanáætlað notkunina um 24 GWh.

Raforkuhópur Orkuspárnefndar hefur farið yfir forsendur raforkuspárinnar út frá nýjum gögnum sem borist hafa síðasta árið, sjá ritaskrá varðandi nýjar upplýsingar. Nokkrar breytingar hafa verið gerðar á forsendunum frá því sem miðað var við í spánni sem kom út á síðasta ári eins og fram kemur hér að aftan. Raforkuspáin hefur heldur hækkað við þennan endurreikning sem stafar aðallega af nýjum samningum um sölu á ótryggðri orku til almennra notenda auk þess sem miðað er við að Stálfélagið hefji rekstur að nýju á næsta ári. Alls er miðað við að þessir samningar auki notkunina fram til 1995 um nálægt 80 GWh eða um 90 GWh þegar flutning- og dreifitöp eru innifalin en það ár hækkar spáin nú um 109 GWh.

Aflþörf raforkukerfisins á síðasta ári hefur ekki verið áætluð þar sem vinnu raforkuhóps Orkuspárnefndar við skipulagningu og úrvinnslu gagna um afla hefur seinkað nokkuð.

Raforkunotkun á veitusvæðum einstakra rafveitna hefur einnig verið áætluð en þær niðurstöður eru ekki birtar hér heldur hefur hver veita fengið niðurstöður varðandi sitt veitusvæði.

Í viðauka 1 hér að aftan er raforkunotkun á landinu 1992 greind niður á notkunarflokka og rafveitur. Í viðauka 2 er notkunin greind niður á notkunarflokka og landshluta. Í viðauka 3 er notkun samkvæmt spánni skipt niður á sölustaði frá meginflutningskerfinu.

Vinnslu efnis og frágang texta hefur annast Jón Vilhjálmsson hjá Verkfræðistofunni AFLi.

# 2 FORSENDUR

Sett hafa verið inn orkuspárlíkanið ný gögn um raforkunotkun og vinnslu, um mannfjölda og ýmsar hagstærðir. Eftirtaldar breytingar hafa verið gerðar á forsendunum raforkuspárinnar:

1) **Landsframleiðsla:** Varðandi næsta ár er tekið mið af hugmyndum Þjóðhagsstofnunar samkvæmt nýútkominni Þjóðhagsáætlun. Miðað er við að landsframleiðsla aukist um 0,5% á þessu ári en minnki síðan um 2% árið 1994 sem er heldur minna en í áætlun Þjóðhagsstofnunar. Árið 1995 glæðist síðan hagvöxtur og verður 1% og eftir það verður hann síðan um 2 %.

2) **Mannfjöldi:** Miðað er við að fólksflutningar að og frá landinu verði í jafnvægi í stað þess að fleiri flytji frá landinu en til þess. Þetta er í samræmi við þróunina á síðasta ári og það sem af er þessu ári. Mannfjöldaspánni er þar að auki breytt út frá raunverulegum fólksfjölda á síðasta ári.

3) **Atvinnustarfsemi:** Settar hafa verið inn nýjar rauntölur varðandi atvinnustarfsemina þar sem slíkt liggur fyrir. Framleiðniaukning í hefðbundnum greinum landbúnaðar var minnkuð árið 1990 úr 5% í 4%. Miðað er við að loðnuveiðar verði í hámarki á þessu ári eða 1.200.000 tonn sem er um 50% aukning frá síðasta ári en síðan lækka þær að nýju í 900.000 tonn. Framleiðsla einstakra greina hefur verið stillt þannig af að útreiknuð landsframleiðsla verði svipuð og miðað er við.

4) **Hitað húsrými og orkunotkun við hitun:** Ekki hefur verið breytt hlutfalli húsrýmis sem ekki er hitað. Skipting niður á orkugjafa hefur nokkuð verið breytt þannig að hlutur raforku hefur minnkað. Einnig hefur orkunotkun við rafhitun verið minnkuð. Rafhitun hefur yfirleitt reynst minni en ráð er fyrir gert í raforkuspánni. Húsrými í fasteignamati vex hraðar en orkunotkunin en ekki hefur verið farið út í að auka húsrými sem ekki er hitað.

5) **Raforkunotkun heimila:** Hlutfallsleg raforkunotkun heimila hefur verið aukin á Suðurnesjum, höfuðborgarsvæðinu og Norðurlandi þar sem heimilisnotkun hefur aukist hraðar þar en ráð var fyrir gert. Á Suðurlandi minnkaði heimilisnotkun aftur á móti á síðasta ári sem stafar líklega af því að nú er öll notkun þar greind niður á notkunarflokka (heimilisnotkun hefur vanalega verið ofáætluð þegar hún hefur verið áætluð út frá gjaldskrárflokkum á kostnað þjónustu). Á Norðurlandi er notkun varmadælu og katla hjá Hitaveitu Akureyrar nú talin til veitna sem lækkar notkunina í þessum flokki.

6) **Raforkunotkun í landbúnaði:** Veruleg aukning varð á raforkunotkun við garðyrkju og ylrækt bæði vegna þess að notkunin jókst og líklega einnig vegna þess að notkunarflokkar fengust nú í fyrsta sinn frá Rafveitu Hveragerðis. Notkunin við garðyrkju og ylrækt jókst úr 8,5 GWh í 11,8 GWh. Miðað er við að nokkur aukning verði á raforkunotkun þessa þáttar á árinu 1993. Raforkunotkun í landbúnaði var annars meiri en ráð var fyrir gert.

7) **Raforkunotkun í iðnaði:** Nú er gert ráð fyrir að Stálfélagið hefji rekstur að nýju á næsta ári og að notkunin verði þá 12 GWh og 20 GWh árin þar á eftir. Áður var miðað við 12 GWh árið 1993 og síðar. Rafvæðing fiskimjölsverksmiðja er talin verða meiri nú en í spánni eða að notkunin aukist um 15 GWh á næsta ári um um 20 GWh árið 1995. Til ársins 2020 eykst þessi notkun um 60 GWh í stað 40 GWh sem miðað var við í spánni frá 1992. Vitað er um aðra aukningu á ótryggðri orku til iðnaðar sem nemur um 8 GWh á næsta ári.

8) **Þjónusta:** Engar breytingar hafa verið gerðar á forsendum varðandi orkunotkun þjónustugreina. Orkunotkun í þjónustu á Suðurlandi er nú áætluð mun meiri en áður eða 28 GWh árið 1992 í stað 22 árið 1991. Þetta stafar af því að notkun er nú greind niður á notkunarflokka hjá öllum veitum á Suðurlandi en þegar hún var flokkuð eftir gjaldskrárliðum var þjónusta alltaf vanáætluð.

9) **Veitur:** Kyntar hitaveitur keyptu meiri raforku árið 1992 en spáin miðaði við og jókst notkunin þar úr 158 GWh árið 1991 í 171 GWh árið 1992. Nú er einnig notkun Hitaveitu Akureyrar talin hér með (sem kynt veita) en þar er áætluð aukning um 20 GWh á næsta ári.

10) **Annað:** Engum forsendum var breytt hér. Notkun 1992 svipuð og áætlað var.

11) **Dreifitöp:** Dreifitöp voru lækkuð á Suðurnesjum (10,1% í 7,5), vegna þess að aðflutningskerfið hefur verið endurnýjað, og Vestfjörðum (12,0% í 11,4%) en hækkuð á Vesturlandi (8,6% í 10,0%), Norðurlandi (9,7% í 10%) og Austurlandi (8,0% í 10,0%).

12) **Orkunotkun stóriðju:** Íslenska álfélagið og Íslenska járnblendifélagið notuðu forgangsorku að fullu á síðasta ári en Áburðarverksmiðja ríkisins var 4 GWh undir áætlaðri notkun.

13) **Flutningstöp:** Flutningstöp eru áætluð þau sömu og áður eða 4,1%.

14) **Aflþörf:** Aflþörf raforkukerfisins á síðasta ári hefur ekki verið áætluð og því notaðar óbreyttar forsendur.

# 3 ÁÆTLUÐ RAFORKUNOTKUN

Raforkuspáin hefur verið endurreiknuð og eru niðurstöðurnar sýndar í töflum 1 til 4. Tafla 1 sýnir notkunina á landinu næstu árin þar sem hún er greind niður á almenna notkun með dreifitöpum, núverandi stóriðju og flutningstöp. Ótryggð orka almenna markaðarins er innifalin í tölunum en hún er ekki meðtalin hjá stóriðjunni. Samskonar tafla hefur verið í útgefnum spám nefndarinnar. Tafla 2 hefur aftur á móti ekki verið í spám nefndarinnar en þar hefur ótryggðri orku núverandi orkufreks iðnaðar verið bætt inn í notkunina og á taflan því að sýna heildarvinnslu raforku á landinu. Hafa verður í huga að verulegar sveiflur geta verið í sölu á ótryggðri orku sem ekki er hægt að taka tillit til í spá sem þessari. Áætlað er að orkuvinnsla vegna sölu á ótryggðri orku og samkvæmt sérstökum samningum hafi numið yfir 700 GWh árið 1992 og hér er miðað við að þessi þáttur verði kominn yfir 850 GWh árið 1995 (þar af um 80 GWh aukning hjá stóriðju frá árinu 1992).

Tafla 3 sýnir almennu notkunina greinda niður á einstaka þætti. Þar kemur fram að aukning notkunar er áætluð yfir 3 % á árinu 1994 þrátt fyrir efnahagssamdrátt en aukningin er til komin vegna þeirra samninga sem gerðir hafa verið um sölu á ótryggðri orku og vegna þess að búist er við að rekstur Stálfélagsins hefjist að nýju. Árið 1995 er einnig veruleg aukning en hluti hennar stafar af aukningu í sölu á ótryggðri orku og til Stálfélagsins.

Almennri raforkunotkun að meðtöldum dreifitöpum er skipt niður á landshluta í töflu 4. Þar kemur fram að áætlað er að notkun aukist verulega á Norðurlandi árið 1994 og á Austurlandi 1995 og er það vegna aukinnar sölu á ótryggðri orku.

**Tafla 1** **Spá um raforkunotkun. Almenn notkun að dreifitöpum meðtöldum og forgangsorka til núverandi stóriðja (* Rauntölur).**

| Ár | Almenn notkun með dreifitöpum | | Núverandi stóriðja | | Flutnings-töp | | Samtals | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | GWh | MW | GWh | MW | GWh | MW | GWh | MW |
| 1985* | 1.770 | | 1.624 | | 138 | | 3.532 | |
| 1986* | 1.848 | | 1.701 | | 146 | | 3.695 | |
| 1987* | 1.912 | | 1.699 | | 155 | | 3.766 | |
| 1988* | 2.043 | | 1.699 | | 165 | | 3.907 | |
| 1989* | 2.080 | | 1.704 | | 165 | | 3.949 | |
| 1990* | 2.132 | | 1.686 | | 163 | | 3.981 | |
| 1991* | 2.169 | | 1.698 | | 157 | | 4.024 | |
| 1992* | 2.233 | | 1.694 | | 164 | | 4.091 | |
| 1993 | 2.267 | 412 | 1.698 | 203 | 170 | 31 | 4.135 | 646 |
| 1994 | 2.340 | 425 | 1.698 | 203 | 173 | 31 | 4.211 | 659 |
| 1995 | 2.412 | 438 | 1.698 | 203 | 176 | 32 | 4.286 | 673 |
| 1996 | 2.454 | 446 | 1.698 | 203 | 177 | 32 | 4.329 | 681 |
| 1997 | 2.496 | 454 | 1.698 | 203 | 179 | 32 | 4.373 | 689 |
| 1998 | 2.537 | 461 | 1.698 | 203 | 181 | 33 | 4.416 | 697 |
| 1999 | 2.578 | 469 | 1.698 | 203 | 183 | 33 | 4.459 | 705 |
| 2000 | 2.619 | 476 | 1.698 | 203 | 185 | 34 | 4.502 | 713 |
| 2005 | 2.853 | 519 | 1.698 | 203 | 195 | 36 | 4.746 | 758 |
| 2010 | 3.108 | 565 | 1.698 | 203 | 205 | 38 | 5.011 | 806 |
| 2015 | 3.388 | 616 | 1.698 | 203 | 217 | 41 | 5.303 | 860 |
| 2020 | 3.697 | 672 | 1.698 | 203 | 231 | 44 | 5.626 | 919 |

**Tafla 2** **Spá um raforkunotkun. Almenn notkun að dreifitöpum meðtöldum og forgang- og ótryggð orka til núverandi stóriðja (* Rauntölur).**

| Ár | Almenn notkun með dreifitöpum | | Núverandi stóriðja | | Flutnings-töp | | Samtals | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | GWh | MW | GWh | MW | GWh | MW | GWh | MW |
| 1985* | 1.770 | | 1.917 | | 150 | | 3.837 | |
| 1986* | 1.848 | | 2.050 | | 160 | | 4.058 | |
| 1987* | 1.912 | | 2.070 | | 170 | | 4.152 | |
| 1988* | 2.043 | | 2.186 | | 187 | | 4.416 | |
| 1989* | 2.080 | | 2.208 | | 187 | | 4.475 | |
| 1990* | 2.132 | | 2.133 | | 182 | | 4.447 | |
| 1991* | 2.169 | | 2.083 | | 175 | | 4.427 | |
| 1992* | 2.233 | | 2.125 | | 182 | | 4.540 | |
| 1993 | 2.267 | 412 | 2.200 | 270 | 191 | 34 | 4.658 | 716 |
| 1994 | 2.340 | 425 | 2.200 | 270 | 194 | 34 | 4.734 | 729 |
| 1995 | 2.412 | 438 | 2.200 | 270 | 197 | 35 | 4.809 | 743 |
| 1996 | 2.454 | 446 | 2.200 | 270 | 198 | 35 | 4.852 | 751 |
| 1997 | 2.496 | 454 | 2.200 | 270 | 200 | 35 | 4.896 | 759 |
| 1998 | 2.537 | 461 | 2.200 | 270 | 202 | 36 | 4.939 | 767 |
| 1999 | 2.578 | 469 | 2.200 | 270 | 204 | 36 | 4.982 | 775 |
| 2000 | 2.619 | 476 | 2.200 | 270 | 206 | 37 | 5.025 | 783 |
| 2005 | 2.853 | 519 | 2.200 | 270 | 215 | 40 | 5.268 | 829 |
| 2010 | 3.108 | 565 | 2.200 | 270 | 226 | 41 | 5.534 | 876 |
| 2015 | 3.388 | 616 | 2.200 | 270 | 238 | 43 | 5.826 | 929 |
| 2020 | 3.697 | 672 | 2.200 | 270 | 252 | 46 | 6.149 | 988 |

**Tafla 3 Spá um almenna raforkunotkun greind niður á flokka (*Rauntölur).**

| Ár | Íbúa-fjöldi | Heimili GWh | Land-búnaður GWh | Iðn-aður GWh | Þjón-usta GWh | Veitur GWh | Annað GWh | Orku-sala GWh | Dreifi-töp GWh | Orku-kaup GWh | Aukn-ing % | Afl-þörf MW |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1990* | 254.788 | 528 | 179 | 395 | 401 | 264 | 166 | 1.932 | 198 | 2.130 | 2,3 | 387 |
| 1991* | 257.965 | 528 | 177 | 396 | 420 | 284 | 170 | 1.975 | 194 | 2.169 | 1,8 | 380 |
| 1992* | 261.103 | 543 | 179 | 389 | 442 | 309 | 165 | 2.027 | 206 | 2.233 | 3,0 | XXX |
| 1993 | 263.700 | 557 | 174 | 407 | 453 | 309 | 167 | 2.067 | 200 | 2.267 | 1,5 | 412 |
| 1994 | 266.200 | 572 | 169 | 433 | 457 | 334 | 167 | 2.133 | 207 | 2.340 | 3,2 | 425 |
| 1995 | 268.500 | 582 | 167 | 470 | 473 | 337 | 169 | 2.199 | 213 | 2.412 | 3,1 | 438 |
| 1996 | 270.700 | 592 | 167 | 481 | 486 | 340 | 172 | 2.238 | 216 | 2.454 | 1,7 | 446 |
| 1997 | 272.800 | 601 | 167 | 491 | 499 | 344 | 175 | 2.276 | 220 | 2.496 | 1,7 | 454 |
| 1998 | 274.700 | 610 | 166 | 501 | 513 | 347 | 178 | 2.314 | 223 | 2.537 | 1,7 | 461 |
| 1999 | 276.600 | 618 | 167 | 510 | 527 | 351 | 181 | 2.352 | 226 | 2.578 | 1,6 | 469 |
| 2000 | 278.500 | 627 | 167 | 518 | 541 | 354 | 184 | 2.390 | 229 | 2.619 | 1,6 | 476 |
| 2005 | 287.300 | 674 | 169 | 567 | 622 | 370 | 202 | 2.604 | 249 | 2.853 | 1,8 | 519 |
| 2010 | 295.200 | 725 | 169 | 616 | 716 | 386 | 227 | 2.839 | 269 | 3.108 | 1,8 | 565 |
| 2015 | 302.300 | 777 | 168 | 665 | 826 | 400 | 263 | 3.098 | 290 | 3.388 | 1,7 | 616 |
| 2020 | 308.200 | 827 | 166 | 713 | 949 | 412 | 314 | 3.382 | 315 | 3.697 | 1,8 | 672 |

**Tafla 4 Spá um almenna raforkunotkun greind niður á landshluta (* Rauntölur).**

| Ár | SN GWh | HS GWh | VL GWh | VF GWh | NL GWh | AL GWh | SL GWh |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1985* | 148 | 553 | 164 | 176 | 342 | 210 | 178 |
| 1986* | 159 | 583 | 174 | 193 | 347 | 210 | 182 |
| 1987* | 175 | 627 | 175 | 191 | 349 | 209 | 185 |
| 1988* | 186 | 669 | 188 | 201 | 363 | 227 | 210 |
| 1989* | 190 | 685 | 185 | 195 | 361 | 221 | 241 |
| 1990* | 193 | 698 | 183 | 198 | 362 | 221 | 275 |
| 1991* | 191 | 724 | 182 | 201 | 361 | 214 | 296 |
| 1992* | 186 | 718 | 189 | 211 | 381 | 231 | 317 |
| 1993 | 187 | 727 | 186 | 210 | 402 | 241 | 314 |
| 1994 | 186 | 754 | 184 | 207 | 452 | 237 | 319 |
| 1995 | 189 | 777 | 187 | 210 | 456 | 261 | 332 |
| 1996 | 192 | 801 | 189 | 212 | 461 | 263 | 336 |
| 1997 | 195 | 823 | 191 | 214 | 466 | 267 | 340 |
| 1998 | 198 | 846 | 192 | 217 | 471 | 269 | 343 |
| 1999 | 200 | 869 | 194 | 220 | 476 | 271 | 348 |
| 2000 | 203 | 891 | 197 | 222 | 481 | 273 | 351 |
| 2005 | 221 | 1.015 | 209 | 238 | 509 | 287 | 374 |
| 2010 | 242 | 1.156 | 220 | 252 | 540 | 300 | 398 |
| 2015 | 268 | 1.317 | 231 | 265 | 574 | 312 | 421 |
| 2020 | 304 | 1.496 | 240 | 277 | 614 | 323 | 443 |

# 4 SAMANBURÐUR VIÐ SPÁ FRÁ 1992

Spáin hefur nú heldur hækkað frá spánni sem kom á síðasta ári eins og fram kemur í töflum 5 og 6. Eins og áður er komið fram hefur spáin aðallega hækkað vegna nýrra samninga um sölu á ótryggðri orku og vegna þess að búist er við að Stálfélagið hefji starfsemi að nýju.

Heimilisnotkun er áætluð heldur minni nú en í spánni frá síðasta ári aðallega vegna minni rafhitunar. Notkun í landbúnaði er meiri vegna aukinnar notkunar við ylrækt og vegna stærri markaðar fyrir landbúnaðarafurðir en gert er ráð fyrir meiri fólksfjölda á landinu en í síðustu spá. Þegar hafa komið fram skýringar á aukinni notkun í iðnaði og veitustarfsemi en notkun í þjónustu var vanáætluð á síðasta ári og er nú búist við meiri aukningu þar.

Eins og áður er komið fram er notkun nú áætluð heldur meiri á Norðurlandi og Austurlandi en í spánni frá 1992 vegna nýrra samninga um ótryggða orku. Notkun í öðrum landshlutum er nú áætluð svipuð og spáð var á síðasta ári en hún minnkar þó aðeins á Suðurnesjum m.a. vegna þess að dreifitöp minnkuð um 5 GWh á síðasta ári.

**Tafla 5 Breytingar á áætlaðri raforkunotkun frá síðustu útgefnu spá.**

| Ár | Almenn notkun með dreifitöpum | | Núverandi stóriðja | | Flutnings-töp | | Samtals | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | GWh | MW | GWh | MW | GWh | MW | GWh | MW |
| 1992* | 50 | | -4 | | -2 | | 44 | |
| 1993 | 35 | 6 | 0 | 0 | 2 | 1 | 37 | 7 |
| 1994 | 72 | 13 | 0 | 0 | 3 | 1 | 75 | 14 |
| 1995 | 104 | 18 | 0 | 0 | 5 | 2 | 109 | 20 |
| 1996 | 102 | 18 | 0 | 0 | 4 | 1 | 106 | 19 |
| 1997 | 101 | 19 | 0 | 0 | 4 | 0 | 105 | 19 |
| 1998 | 101 | 18 | 0 | 0 | 4 | 1 | 105 | 19 |
| 1999 | 98 | 18 | 0 | 0 | 4 | 1 | 102 | 19 |
| 2000 | 99 | 18 | 0 | 0 | 5 | 1 | 104 | 19 |
| 2005 | 103 | 19 | 0 | 0 | 4 | 1 | 108 | 20 |
| 2010 | 105 | 19 | 0 | 0 | 4 | 1 | 109 | 20 |
| 2015 | 107 | 19 | 0 | 0 | 4 | 1 | 111 | 20 |
| 2020 | 112 | 20 | 0 | 0 | 5 | 1 | 117 | 21 |

**Tafla 6 Breyting á áætlaðri almennri raforkunotkun frá síðustu útgefnu spá greind niður á flokka.**

| Ár | Íbúa-fjöldi | Heimili GWh | Land-búnaður GWh | Iðn-aður GWh | Þjón-usta GWh | Veitur GWh | Annað GWh | Orku-sala GWh | Dreifi-töp GWh | Orku-kaup GWh | Aukn-ing % | Afl-þörf MW |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1992* | 803 | -14 | 8 | 7 | 20 | 17 | 3 | 40 | 10 | 50 | | |
| 1993 | 1.600 | -11 | 7 | 1 | 24 | 13 | 3 | 36 | -1 | 35 | | 6 |
| 1994 | 2.400 | -7 | 5 | 18 | 20 | 32 | 1 | 69 | 3 | 72 | | 13 |
| 1995 | 2.900 | -7 | 5 | 43 | 26 | 29 | 1 | 98 | 6 | 104 | | 18 |
| 1996 | 3.300 | -6 | 7 | 41 | 27 | 28 | 1 | 98 | 4 | 102 | | 18 |
| 1997 | 3.500 | -6 | 7 | 40 | 27 | 28 | 2 | 97 | 4 | 101 | | 19 |
| 1998 | 3.600 | -6 | 8 | 38 | 28 | 27 | 2 | 96 | 5 | 101 | | 18 |
| 1999 | 3.600 | -7 | 9 | 37 | 29 | 28 | 2 | 95 | 3 | 98 | | 18 |
| 2000 | 3.700 | -6 | 9 | 35 | 29 | 27 | 2 | 95 | 4 | 99 | | 18 |
| 2005 | 4.000 | -7 | 11 | 34 | 33 | 26 | 1 | 99 | 4 | 103 | | 19 |
| 2010 | 4.200 | -6 | 13 | 33 | 38 | 25 | 1 | 103 | 2 | 105 | | 19 |
| 2015 | 4.300 | -5 | 14 | 32 | 42 | 24 | 2 | 108 | -1 | 107 | | 19 |
| 2020 | 4.500 | -6 | 16 | 30 | 48 | 23 | 0 | 113 | -1 | 112 | | 20 |

**Tafla 7 Breyting á áætlaðri almennri raforkunotkunar frá síðustu útgefnu spá greind niður á landshluta.**

| Ár | SN GWh | HS GWh | VL GWh | VF GWh | NL GWh | AL GWh | SL GWh |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1992* | -4 | 3 | 6 | 9 | 19 | 9 | 9 |
| 1993 | -8 | -7 | 0 | 3 | 32 | 15 | 1 |
| 1994 | -11 | 0 | -3 | -1 | 78 | 10 | -1 |
| 1995 | -11 | 8 | -1 | 0 | 77 | 32 | -1 |
| 1996 | -12 | 9 | -1 | -1 | 77 | 31 | 0 |
| 1997 | -12 | 9 | -1 | -2 | 76 | 33 | -1 |
| 1998 | -12 | 9 | -2 | 1 | 76 | 32 | -2 |
| 1999 | -14 | 8 | -2 | 0 | 75 | 32 | -2 |
| 2000 | -14 | 9 | -1 | -1 | 75 | 32 | -2 |
| 2005 | -14 | 12 | 0 | 2 | 75 | 33 | -4 |
| 2010 | -14 | 14 | -1 | 2 | 76 | 33 | -5 |
| 2015 | -15 | 18 | 2 | 2 | 78 | 32 | -10 |
| 2020 | -13 | 21 | 3 | 3 | 82 | 32 | -16 |

## RITASKRÁ

Fiskifélag Íslands, 1993: "Útvegur 1992".

Hagstofa Íslands, 1992: "Landshagir 1992". Hagskýrslur Íslands III, 8.

Hagstofa Íslands, 1993: "Hagtíðindi", 78. árgangur.

UNEPEDE, 1993: "Prices of electricity as at january 1, 1993".

Upplýsingaþjónusta landbúnaðarins, 1993: "Hagtölur landbúnaðarins 1993".

Verkfræðistofan AFL, 1993: "Gagnagrunnur Orkuspárnefndar. Gögn um raforkuvinnslu og notkun. Útgáfa 1.0". VA93004.

Þjóðhagsstofnun, 1992: "Atvinnuvegaskýrsla 1990". Atvinnuvegaskýrslur nr. 45

Þjóðhagsstofnun, 1993: "Þjóðarbúskapurinn. Framvinda 1992 og horfur 1993". Þjóðarbúskapurinn nr. 15.

Þjóðhagsstofnun, 1993: "Sögulegt yfirlit hagtalna". Þjóðarbúskapurinn nr. 16.

# VIÐAUKI 1

## Raforkunotkun ársins 1992 greind niður á notkunarflokka og rafveitur

## ORKUSALA RAFVEITNA ÁRIÐ 1992 EFTIR NOTKUNARFLOKKUM

| Nr. | Notkunarflokkur | LV MWh | HS MWh | RHA MWh | RR MWh | RARIK MWh | RAKR MWh | RB MWh | OV MWh | RSA MWh | RAKU MWh | RHU MWh | RRE MWh | BV MWh | SV MWh | RHV MWh | AV MWh | Samtals MWh |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 0 | Óflokkað | 0 | 0 | 0 | 316 | 0 | 43 | 10 | 0 | 0 | 597 | 0 | 0 | 0 | 80 | 0 | 0 | 1.045 |
| 101 | Búrekstur og hitun | 0 | 0 | 0 | 0 | 45.697 | 0 | 0 | 1.255 | 0 | 80 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 47.032 |
| 102 | Búrekstur og súgþurrkun | 0 | 0 | 0 | 0 | 1.611 | 0 | 0 | 184 | 0 | 17 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 1.812 |
| 103 | Búrekstur og mjólkurkæling | 0 | 0 | 0 | 5 | 3.408 | 0 | 0 | 44 | 0 | 10 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 3.466 |
| 104 | Búrekstur, hitun og súgþurrkun | 0 | 0 | 0 | 0 | 19.336 | 0 | 0 | 709 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 20.045 |
| 105 | Búrekstur, hitun og mjólkurk. | 0 | 0 | 0 | 0 | 23.261 | 0 | 0 | 603 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 23.864 |
| 106 | Búrekstur, súgþ. og mjólkurk. | 0 | 0 | 0 | 0 | 7.146 | 0 | 0 | 117 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 7.263 |
| 107 | Búr., hitun, súgþ. og kæling | 0 | 0 | 0 | 0 | 46.131 | 0 | 0 | 2.013 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 48.144 |
| 108 | Búrekstur | 0 | 0 | 0 | 407 | 3.246 | 25 | 0 | 4.602 | 0 | 368 | 4 | 0 | 0 | 44 | 0 | 0 | 8.697 |
| 109 | Fiskrækt | 0 | 16.290 | 119 | 409 | 11.786 | 0 | 0 | 1.223 | 0 | 0 | 46 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 29.874 |
| 112 | Alifuglabú | 0 | 422 | 8 | 1.345 | 2.302 | 0 | 0 | 38 | 0 | 0 | 0 | 26 | 58 | 0 | 0 | 0 | 4.200 |
| 113 | Svínabú | 0 | 280 | 16 | 319 | 820 | 0 | 0 | 71 | 0 | 93 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 1.599 |
| 115 | Loðdýrabú | 0 | 58 | 0 | 0 | 764 | 0 | 0 | 23 | 47 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 891 |
| 116 | Garðyrkja og ylrækt | 0 | 1 | 3 | 1.063 | 5.805 | 7 | 0 | 3 | 5 | 241 | 0 | 0 | 0 | 0 | 4.050 | 0 | 11.177 |
| 117 | Fóðurframleiðsla | 0 | 0 | 0 | 2.652 | 473 | 0 | 0 | 7 | 425 | 1.645 | 16 | 0 | 0 | 175 | 0 | 0 | 5.392 |
| 118 | Grasmjölsverksmiðjur | 0 | 0 | 0 | 43 | 1.458 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 1.501 |
| 121 | Skógræktarstöðvar | 0 | 0 | 0 | 252 | 380 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 632 |
| 122 | Fiskveiðar | 0 | 172 | 487 | 991 | 3.592 | 195 | 0 | 1.433 | 97 | 5.359 | 171 | 76 | 1.852 | 16 | 0 | 0 | 14.443 |
| 123 | Sportveiði | 0 | 0 | 0 | 0 | 539 | 0 | 0 | 2 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 541 |
| 300 | Grjótnám, malarnám o.s.frv. | 0 | 6 | 0 | 91 | 177 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 274 |
| 410 | Sláturhús og kjötiðnaður | 0 | 0 | 362 | 3.134 | 7.282 | 0 | 1.477 | 647 | 73 | 1.824 | 866 | 289 | 2 | 1.192 | 0 | 0 | 17.150 |
| 420 | Mjólkuriðnaður | 0 | 0 | 0 | 10.155 | 2.236 | 0 | 904 | 256 | 386 | 1.924 | 342 | 0 | 0 | 13.442 | 585 | 0 | 30.230 |
| 431 | Fiskfrysting | 0 | 7.979 | 2.248 | 7.206 | 43.377 | 3.662 | 0 | 21.653 | 3.211 | 0 | 2.012 | 1.227 | 7.963 | 159 | 0 | 0 | 100.697 |
| 432 | Saltfisk- og skreiðarf. | 0 | 2.974 | 746 | 60 | 13.406 | 191 | 0 | 1.339 | 115 | 29 | 54 | 10 | 357 | 168 | 0 | 0 | 19.448 |
| 440 | Síldarsöltunarstöðvar | 0 | 23 | 0 | 10 | 981 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 114 | 0 | 0 | 0 | 0 | 1.128 |
| 450 | Niðurlagningarverksmiðjur | 0 | 45 | 594 | 416 | 1.543 | 261 | 0 | 247 | 0 | 2.069 | 1 | 0 | 241 | 0 | 0 | 0 | 5.416 |
| 460 | Brauð- og kökugerð | 0 | 503 | 716 | 8.739 | 1.805 | 251 | 290 | 489 | 109 | 1.347 | 227 | 169 | 236 | 185 | 136 | 0 | 15.202 |
| 470 | Kexgerð | 0 | 0 | 0 | 454 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 454 |
| 480 | Sælgætisgerð | 0 | 0 | 917 | 1.977 | 28 | 0 | 0 | 0 | 0 | 344 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 3.266 |

# ORKUSALA RAFVEITNA ÁRIÐ 1992 EFTIR NOTKUNARFLOKKUM

| Nr. | Notkunarflokkur | LV MWh | HS MWh | RHA MWh | RR MWh | RARIK MWh | RAKR MWh | RB MWh | OV MWh | RSA MWh | RAKU MWh | RHU MWh | RRE MWh | BV MWh | SV MWh | RHV MWh | AV MWh | Samtals MWh |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 491 | Drykkjarvöruiðnaður | 0 | 0 | 0 | 4.328 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 504 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 4.832 |
| 492 | Annar matvælaiðnaður | 0 | 95 | 425 | 5.165 | 523 | 67 | 93 | 0 | 0 | 49 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 6.416 |
| 510 | Vefjariðnaður | 0 | 0 | 0 | 4.957 | 275 | 0 | 0 | 0 | 1 | 10.496 | 0 | 0 | 0 | 0 | 306 | 0 | 16.035 |
| 520 | Fataiðnaður | 0 | 7 | 16 | 1.232 | 150 | 56 | 48 | 4 | 31 | 44 | 14 | 0 | 0 | 22 | 0 | 0 | 1.623 |
| 530 | Leður- og skóiðnaður | 0 | 0 | 0 | 57 | 20 | 0 | 0 | 0 | 629 | 2.101 | 0 | 0 | 0 | 3 | 0 | 0 | 2.811 |
| 540 | Veiðafæragerð | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 75 | 0 | 0 | 0 | 26 | 0 | 39 | 0 | 0 | 0 | 0 | 140 |
| 610 | Timbur- og korkiðnaður | 0 | 850 | 336 | 3.513 | 1.626 | 0 | 126 | 0 | 63 | 553 | 105 | 0 | 172 | 332 | 33 | 0 | 7.708 |
| 620 | Pappa- og pappírsvörugerð | 0 | 0 | 392 | 4.409 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 4.801 |
| 630 | Prentun, útgáfa og skyld fr. | 0 | 51 | 307 | 9.904 | 97 | 24 | 8 | 48 | 10 | 400 | 10 | 0 | 62 | 43 | 0 | 0 | 10.964 |
| 700 | Gummívöruiðnaður | 0 | 0 | 20 | 141 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 189 | 0 | 0 | 0 | 0 | 47 | 0 | 397 |
| 820 | Plastiðnaður | 0 | 24 | 1.442 | 716 | 0 | 10 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 47 | 1.165 | 26 | 0 | 3.430 |
| 831 | Áburðarvinnsla | 130.789 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 997 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 131.786 |
| 832 | Hvalvinnsla | 0 | 0 | 257 | 0 | 215 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 472 |
| 833 | Lifrarbræðsla og fl. | 0 | 0 | 0 | 628 | 49 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 678 |
| 834 | Fiskimjölsverksmiðjur | 0 | 3.217 | 31 | 1.413 | 16.177 | 1.653 | 0 | 1.603 | 0 | 17.630 | 0 | 883 | 4.055 | 34 | 0 | 0 | 46.696 |
| 835 | Málningar-, lakk- og límgerð | 0 | 0 | 115 | 432 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 40 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 587 |
| 839 | Efnaiðnaður ótalinn a. staðar | 0 | 25 | 191 | 3.212 | 1.387 | 0 | 0 | 23 | 0 | 363 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 5.202 |
| 920 | Gleriðnaður | 0 | 0 | 147 | 210 | 72 | 0 | 0 | 0 | 0 | 32 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 462 |
| 930 | Leirsmíði og postulínsiðnaður | 0 | 0 | 36 | 558 | 47 | 0 | 0 | 3 | 0 | 9 | 0 | 0 | 0 | 1 | 11 | 0 | 665 |
| 940 | Sementsgerð | 0 | 0 | 0 | 709 | 0 | 12.591 | 0 | 0 | 0 | 83 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 13.383 |
| 950 | Kísilgúrframleiðsla | 0 | 0 | 0 | 0 | 10.302 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 10.302 |
| 960 | Steinullargerð | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 10.923 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 10.923 |
| 990 | Steinsteypugerð | 0 | 37 | 1.039 | 1.437 | 361 | 64 | 520 | 115 | 49 | 259 | 0 | 0 | 88 | 22 | 0 | 0 | 3.991 |
| 1010 | Járnblendiiðnaður | 499.170 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 499.170 |
